

**Fundargerð 9. fundar  
Framkvæmda- og skipulagsráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
19. mars 2019 , kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Reynir Þór Ragnarsson, Kristinn Halldórsson, Davíð Ásgeirsson, Jón Sigurðsson, Atli Þór Karlsson, Jón Ben Einarsson og Einar Friðrik Brynjarsson.

**Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi. Laufey Erlendadóttir boðaði forföll og sat Atli Þór Karlsson varamaður fundinn í hennar stað.

**1. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035**

Tímafrestur sem íbúum var gefinn til að koma á framfæri hugmyndum vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu er liðinn. Áherslur Framkvæmda- og skipulagsráðs ræddar og næstu skref ákveðin.

*Drög að samkeppnislýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags lögð fram til umfjöllunar. Formanni ráðsins og skipulagsfulltrúa falið að vinna drögin áfram með ráðgjöfum í samræmi við umræður á fundinum og kynna ráðinu tillögu að því loknu.*

**2. Nátthagi 13 - umsókn um lóð - 1903028**

Guðni Ágúst Gíslason sækir um lóðina Nátthaga 13 undir byggingu frístundahúss.  
*Samþykkt*

**3. Skálareykjavegur 12 - stækkun lóðar - 1903027**

GSE óskar eftir að fá að stækka lóð fyrirtækisins við Skálareykjaveg 12  
*Ráðið tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa að afla frekari gagna.*

Fundi slitið kl. 18:15.

---

Einar Jón Pálsson

---

Reynir Þór Ragnarsson

---

Kristinn Halldórsson

---

Davíð Ásgeirsson

---

Jón Sigurðsson

---

Atli Þór Karlsson

---

---